



# Sparnaður - innlánaleið

Yfirlit 31.08.2017

## Um safnið

Kvika banki hf. í samstarfi við Sparnað býður sjóðsfélögum sínum að ávaxta séreignarsparnað sinn í dreifðum eignasöfnum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem sjóðsfélagar kjósa. Sparnaður - innlánaleið er verðtryggður innlánsreikningur hjá Kviku.

## Markaðspunktur

Efnahagshorfur á Íslandi eru ágætar um þessar mundir. Hagvöxtur mældist 7,2% á árinu 2016 og spáir Seðlabankinn hagvexti uppá 5,2% á árinu 2017. Vöxtur í ferðaþjónustu, fjárfestingum og einkaneyslu hefur drifið hagvöxtinn áfram. Verðbólgan hefur ekki hækkað að ráði undanfarin misseri. Helstu ástæður fyrir hagstæðari viðskiptakjörum eru m.a. lækkun á hrávörum og lág alþjóðleg verðbólga. 12-mánaða verðbólga í júlí 2017 stóð í 1,8%. Á fyrri hluta árs 2017 hefur skuldabréfamarkaður gefið ágæta ávöxtun. Peningastefnunefnd Seðlabankans lækkaði stýrivexti sína í tveimur skrefum á fyrri hluta árs og eru meginvextir bankans 4,50%. Á fyrri hluta árs 2017 hækkaði vísitala 5 ára óverðtryggða ríkisskuldabréfa um 4,1% og vísitala 5 ára verðtryggða skuldabréfa um 3,9%.

Gengi krónunnar styrktist á fyrri hluta ársins og raungengi krónunnar er orðið fremur hátt í sögulegu samhengi. Sveiflur á gengi krónunnar hafa aukist verulega á ný eftir að Seðlabankinn minnkaði inngrip á gjaldeyrismarkaði. Við væntum þess að gengi krónunnar muni gefa eftir á seinni hluta ársins. Framvindan á skuldabréfamarkaði mun ráðast mikið af verðbólguþróun og gengi krónunnar. Verðbólguvæntingar hafa aukist og þar með áhugi á verðtryggðum skuldabréfum. Verðtryggð skuldabréf hafa gefið betri ávöxtun á árinu en óverðtryggð skuldabréf og gerum við ráð fyrir að svo verði áfram út árið.

Hlutabréfamarkaður á fyrri hluta árs 2017 hefur verið blendinn. Frá áramótum til loka júlí hefur hlutabréfavísitalan hækkað um tæp 3%, þar sem Marel, Síminn og Grandi hafa hækkað mest. Hinsvegar hafa hlutabréf í Icelandair og Högum lækkað verulega á árinu eða um rúm 30%. Efnahagsumhverfið er fremur hagstætt fyrir rekstur fyrirtækja um þessar mundir, mikill hagvöxtur, hófleg verðbólga og lægri vextir en áður. Hinsvegar fer kostnaður vaxandi sem þarf að mæta með hagræðingu og miklar gengissveiflur valda fyrirtækjum erfiðleikum. Komandi uppgjör munu ráða miklu um framhaldið á hlutabréfamarkaði. Eftirspurn erlendra aðila á íslenskum hlutabréfum hefur aukist síðustu misseri og má búast við að framhald verði á því. Hinsvegar má búast við áframhaldandi sveiflum í verði hlutabréfa á næstunni sérstaklega í ljósi fleiri fjárfestingakosta sem innlendir fjárfestar standa frami fyrir í kjölfar losunar fjármagnshafta.

## Fjárfestingastefna

Tegund verðbréfa	Vikmörk	Núv. eign
Verðtryggð innlán	100%	100%
<b>Samtals</b>		<b>100%</b>

Sparnaður - innlánaleið er verðtryggður innlánsreikningur hjá Kviku.

Um eignasamsetningu gilda lög um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum.

<b>VERÐTRYGGINGAR HLUTALL</b>	<b>VERÐTRYGGÐ INNLÁN</b>
100%	100%

Fyrirvari: Yfirlit yfir séreignarsparnað Kviku er unnið af starfsmönnum eignastýringar. Umfjöllunin skal ekki skoðast sem fullnægjandi lýsinga á þeirri séreignarleið sem fjallað er um. Upplýsingarnar hér að ofan eru settar fram eftir bestu samvisku þeirra sem vinna umfjöllunina miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma sem hún var sett fram. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Kvika banki hf. er ábyrgðaraðili, vörsluaðili og eignastýringaraðili fyrir séreignarsparnaðarleiðina.

Sparnaður ehf. | Garðatorg 7 | 210 Garðabæ | kt. 570902-2450 | s. 577 2025 | Upplýsingar: sparnadur@sparnadur.is | www.sparnadur.is

**Innlánaleið**  
hentar þeim sem vilja fá örugga ávöxtun í innlánnum og er sú leið sem er áhættuminnst af þeim sem eru í boði.

Safnið er hugsað fyrir þann aldurshóp sem á að jafnaði stuttan tíma eftir á vinnumarkaði þar sem stöðugleiki í ávöxtun skiptir sem mestu máli.

**Sparnaður - innlánaleið**  
er valkostur fyrir þá sem vilja greiða viðbótariðgjöld til að auðvelda fólki að hætta að fyrr að vinna og stuðla að betri fjárhag eftir starfslok.

## Ávöxtun \*)

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
1 mán	0,1%	0,1%
3 mán	0,5%	0,3%
Frá áramótum	2,0%	1,0%
1 ár	3,4%	1,5%

\*) Leiðin var stofnuð í upphafi árs 2016. Ávöxtun til eins árs eða skemmri tíma er sýnd sem ávöxtun á því tímabili.